

Mái 2015

Umsögn fjölskyldupjónustu vegna tillögu um að farið verði í átak í eflingu hinseginfræðslu og ráðgjöf í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 15. apríl s.l. var tekið jákvætt í tillögu um að farið verði í átak í eflingu hinseginfræðslu og ráðgjöf í grunnskólum Hafnarfjarðar. Leitast skuli við að gera samstarfssamning við Samtökin 78 um þróun námsefnis fyrir öll stig grunnskóla frá 1. til 10. bekkjar og sérfræðingar Samtakanna haldi námskeið fyrir alla starfsmenn grunnskóla Hafnarfjarðar. Nemendum í unglingsáldum grunnskóla verði sömuleiðis gert kleift að sækja einstaklingsráðgjöf hjá sérfræðingum Samtakanna án endurgjalds. Tillögunni var vísað til frekari útfærslu í fræðsluráði.

Á fundi fræðsluráðs þann 20. apríl s.l. var fræðslustjóra falið að taka saman upplýsingar um hvernig fræðslu um þessi málefni hefur verið háttáð í grunnskólum bæjarins. Einnig er óskað eftir umsögn skólustjóra og fjölskyldupjónustu um tillöguna fyrir lok skólaárs.

Aukin fræðsla um kynhegðun, fordóma og mannréttindi nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar er að mati undirritaðra mikilvæg. Þau mál sem upp koma í starfi okkar og ásamt niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið á hegðun og líðan barna í Hafnarfirði, gefa vísbendingu um að auka beri fræðslu sem eykur sjálfsvitund, víðsýni og samkennd meðal barna. Á Fjölskyldusviði fer fram viðmikið starfa með börnum og ungmennum og þar er hægt að koma að fræðslu til að vinna með viðhorf og gildi þeirra. Mikilvægt er að auka víðsýni og stuðla að jákvæðum gildum þeirra barna og ungmenna sem við vinnum með.

Snertifletir starfsfólks Fjölskyldusviðs við börn og ungmenni er m.a. í gegnum frístundaheimili og félagsmiðstöðvar á vetrum og á gegnum leikjanámskeið og starfsemi vinnuskóla á sumrin. Sú beina fræðsla sem þar er í gangi er í gegnum félagsmiðstöðvar og sér hópa í vinnuskóla. Þar er auðvelt að koma að þessu málefni að. Auk þess er barnavernd Hafnarfjarðar í beinu sambandi við börn og ungmenni. Aukin hinseginfræðsla til starfsfólks Fjölskyldusviðs getur án efa stuðlað að því að draga úr vanlíðan barna og ungmenna og aukið lífsgæði þeirra.

Rétt er að benda á að beinn stuðningur í formi ráðgjafar til ungmenna er til staðar endurgjaldslaut hjá Samtökunum '78 og mikilvægt fyrir þá sem vinna með börnum og ungmennum að vísa þangað.

Eins og fram hefur komið upplifa hinsegin ungmenni skort á upplýsingum, umræðu og fyrirmyndum. Fræðsla um þessi mál er afar mikilvæg og styður Fjölskyldusvið þá tillögu að farið verði í átak í eflingu hinseginfræðslu og ráðgjöf í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Virðingarfyllt,

Haukur Haraldsson, sálfræðingur Fjölskyldusviðs
Geir Bjarnason æskulýðs- og forvarnafulltrúi Hafnarfjarðar